

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lög-
birting hans undir aðför að lögum. —

Mánudaginn 24. maímán.

Nr. 44/1885.

Undirfellsprestakall

gegn

Jónasi Guðmundssyni.

Dómur:

Með því afstöðuuppdráttur sá, sem lagður hefur verið fram í merkjadómi í þessu máli, og sem, eptir því sem segir í merkjadómsgjörðunum, var hafður við hendina til hliðsjónar við merkjagönguna á þrætu-landið, og af öllum hlutaðeigendum, dómendum og málsaðilum, er talinn greinilegur og nákvæmur og gott að átta sig á honum, ekki hefur verið lagður fram í yfirdómi, verður ekki hjá komizt að vísa málinu frá yfirdómi. — Stefndi mætti ekki og enginn af hans hendi.

Því dæmist rjett að vera:

Máli þessu vísast frá landsyfirdóminum.

Nr. 32/1885.

Daníel prófastur Halldórsson
fyrir hönd jarðarinnar Hólma

gegn

Eiríki Bjarnasyni,
sem eiganda Borga.

Dómur:

Mál þetta er risið útaf ágreiningi um landamerki milli jarðanna Hólma í Reyðarfirði og Borga. Með

merkjadómi Suðurmúlasýlu, gengnum að Eskifirði 9. maí f. á., voru landamerki þessara jarða á hinni svo nefndu Hólmaströnd ákveðin við „Miðstrandarstein“ niður af útenda Miðstrandarkletts; málskostnaður var látinn falla niður.

Þessum dómi hefur Daniel prófastur Halldórsson fyrir hönd Hólma skotið til landsyfirdómsins með stefnu dags. 28. ágústmán. f. á., og krafizt, að hinn áfrýjaði dómur verði dæmdur ómerkur, og hinn stefndi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum dómum eins og rjetturinn metur. — Hinn stefndi hefur á hinn bóginn krafizt, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, og honum dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi með einhverju hæfilegu.

Málsparter eru báðir sammála um, að rjett landamerki á Hólmaströnd milli jarðanna Hólma og Borga sje svo nefndur „Miðstrandarsteinn“, en þá greinir á um, hvar hann sje; telur hinn stefndi hann að vera sama steininn og merkjadómurinn setur landamerkjastein, en áfrýjandi telur „Miðstrandarstein“ vera talsvert innar á ströndinni, og hinn sama, sem nú er merktur „Hólmar — Borgir“.

Hinn stefndi hefur einkum viljað styðja mál sitt, í fyrsta lagi með máldaga fyrir landeign Hólma og vísitatsiur biskupa; í máldaganum segir hann að standi, að Hólmar eigi land útyfir „Sauðaból“ í Miðstrandarstein; en það er hvortveggja, að þar stendur innnyfir, en ekki útyfir, enda sanna þessi orð ekki annað, en að land Hólma nái innfyfir Sauðaból, en ekki hversu langt. Í annan stað hefur hann viljað byggja á tveim lögfestum síra Hallgríms heitins Jónssonar á Hólmmum frá 1842 og 1846, þar sem hann

hefur lögfest Hólmum land í Miðstrandarstein á móti „Lambeyri (bænum), en að það nái engri átt, ef við steininn sje átt, sem nú er merktur „Hólmar-Borgir“, en eigi allvel við hinn ákveðna merkjastein. Það er nú hvorttveggja, að þetta orðatiltæki „á móti Lambeyri“ er mjög óákveðið, því misjafnlega miða menn, og menn hirða lítt um nákvæmni hjer á landi, þegar átt er við áttir eða afstöður, og minni hluti merkjadómenda, sýslumaðurinn, segir, að það muni ekki skakka miklu, sje lína dregin beint fyrir botni Eski-fjarðar úr þeim stað, sem fjörðurinn gengur hæst við suðurlandið, til þess staðar, er hann gengur hæst við norðurlandið, að sú lína yrði jafnhliða línunni úr steininum „Hólmar-Borgir“ í bæinn á Lambeyri, enda verður að álitast sannað, að einmitt hinn sami síra Hallgrímur ávallt bauð fólki sínu að halda steininn „Hólmar-Borgir“ rjett merki milli Hólma og Borga. Í þriðja lagi vill hann styðja mál sitt með vitnisburði Guðbjargar Jónsdóttur í Bakkagerði. En yfirdómurinn verður að álíta vitnisburð hennar mjög svo þýðingarlausan; fyrst er það, að hún er veikt gamalmenni; í annan stað var hún, þá er hún kom á þrætustaðinn, í efa um, hvar hinn umspurði steinn væri; og í þriðja lagi ber hún um það, er hún að eins 8—16 ára gömul þykist hafa heyrt og tekið eptir.

Það eru þannig, að áliti yfirdómsins, engar sannanir komnar fram fyrir því, að Borgir eigi land að þeim steini, er merkjadómurinn ákveður rjett merki.

Á hinn bóginn eru margir og merkir vitnisburðir fyrir því, að Hólmaland nái að þeim steini, er Jónas prestur Hallgrímsson merkti „Hólmar-Borgir“ árið 1880; en fram hjá þessum vitnisburðum gengur merkja-

dómurinn, og nefnir þá „seinni tíðar manna“ vitnisburði, þótt það sje ljóst af dómsgjörðunum, að meiri partur vitnanna eru gamlir menn, nákunnugir á þrætustaðnum, og sem bera vitni um það, sem var fyrir meira en mannsaldri og þar á eptir.

Fyrir þessar sakir verður að dæma hinn áfrýjaða merkjadóm ómerkan og að vísa málinu aptur heim í hjerað. Málskostnaður fyrir yfirdómi virðist eptir atvikum eiga að falla niður, og málfutningslaun hins skipaða talsmanns áfrýjanda, sem ákveðast 15 krónur, að greiðast af almanna fje.

Að því málið hefur í hjeraði verið varið og yfirdómi sókt með gjafsókn vottast, að flutningur þess hefur verið lögmætur.

D v í ú r s k u r ð a s t :

Hinn áfrýjaði merkjadómur á vera að ómerkur, og vísast málinu aptur heim í hjerað. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Málfutningslaun til hins skipaða talsmanns áfrýjanda fyrir yfirdómi, málaflutningsmanns Franz Siemens, 15 krónur, greiðist af almanna fje.

Mánudaginn 31. maímán.

Nr. 1/1886.

Sigurður Andrjesson kirkjuhaldari
gegn

húsmanni Hans A. Jóhannessyni.

D ó m u r :

Eptir að lögtak hafði verið gjört hjá hinum stefnda, húsmanni Hans A. Jóhannessyni, fyrir hálfum ljós-